

Orðanefnd læknafélaganna

Fundur var haldinn að Laugavegi 13, Reykjavík, þann 22. nóvember 2018 kl. 9:30, en þetta var 66. fundur nefndarinnar.

Mættir voru Jóhann Heiðar Jóhannsson, formaður nefndarinnar, Eyjólfur Þ. Haraldsson, Runólfur Pálsson, Reynir Tómas Geirsson og Magnús Jóhannsson, en sá síðastnefndi ritaði fundargerð. Einnig sat fundinn Ágústa Þorbergsdóttir, deildarstjóri hjá Stofnun Árna Magnússonar.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar (18. október 2018) var samþykkt.

2. Nefndarskipan

Stjórn LÍ hefur skipað í orðanefndina til næstu 3 ára. Jóhann Heiðar Jóhannsson er formaður og aðrir nefndarmenn eru Eyjólfur Þ. Haraldsson, Magnús Jóhannsson, Runólfur Pálsson og Reynir Tómas Geirsson.

3. Orðabókarvinnan

a) Stutt kynning á stöðu mála varðandi fjórða líffærafræðiheftið en vinna við það er hafin í samvinnu við Hannes Petersen.

b) Umræða um „sclerosis“ (46 færslur). Einnig „respiration“ og „ventilation“ (um 50 færslur). Þessir listar höfðu verið sendir nefndarmönnum fyrir fundinn. Farið var yfir listana á fundinum og gerðar fáeinar breytingar og viðbætur. Vinnu við þessa lista er ekki lokið og verður haldið áfram.

d) Færslur í safninu sem enn eru án íslenskrar þýðingar eru um 200 talsins eins og rætt var um á síðasta fundi. Erlendu orðin eru flest þess eðlis að nefndin telur ekki aðkallandi að leggja vinnu í að þýða þau. Samþykkt var að fela flestar færslurnar í vefviðmóti orðabankans en eftir standa um 70 færslur sem ástæða er til að þýða. Þessi listi var sendur nefndarmönnum fyrir fundinn með þýðingum sem formaður hafði sett á blað. Listinn var ræddur á fundinum og mun formaður vinna áfram með hann.

4. Næsti fundur

Næsti fundur er fyrirhugaður fimmtudaginn 10. janúar 2019, kl. 9:30. JHJ mun boða þann fund og senda út orðalista til yfirlestrar.

Fundi var slitið um kl. 10:35.